



- LÖGREGLU -

# MAÐURINN

2. tbl. - 2016



Ritstjóri og Ábyrgðarmaður: Snorri Magnússon formaður LL



Starfsmaður LL:

Guðlaug Hreinsdóttir skrifstofustjóri

Forsíðumynd: Júlíus Sigurjónsson

Teikning á bls. 2: Logi Jes Kristjánsson




Aðrar myndir: Júlíus Sigurjónsson og fl.

Lögregluáðurinn er gefinn út af Landssambandi lögreglumanna

ll@logreglumenn.is  
www.logreglumenn.is



Efnisyfirlit...

	Staðan í raun	4
	Minningarbrot frá Tómasi Einarssyni	10
	Erlendar fréttir	18
	Þrjár dagar!	20
	Ferð lífeyrisþegadeildar	22
	Lögreglan talar um aukinn sýnileika en er á sama tíma ekki til staðar	24
	Íþróttir	26

Efni til birtingar í Lögreglumanninum

- ◆ Aðsendar greinar sem birtar eru í blaðinu skulu merktar höfundu. Greinin lýsir skoðun höfundar en ekki stjórnar LL.
- ◆ Sendið gjarnan með myndir, stafrænar myndir eiga að vera í jpg formati.
- ◆ Vinsamlega látið fylgja með stöður, nafn, fastanúmer ef um lögreglumenn er að ræða, vinnustað, heimili og GSM númer sem hægt er að ná í viðkomandi.
- ◆ Ritstjóri fer í gegnum allt aðsent efni. Að þeirri vinnu lokinni fær sendandi að vita hvort efnið birtist í blaðinu eða ekki.
- ◆ Samþykkt efni verður ritstýrt á þann hátt að það passi við efnið sem ætlast er til að birtist í blaðinu.
- ◆ Leyfi til birtingar efnis úr blaðinu er einungis veitt sé þess getið hvaðan það er fengið.

Rétt skal vera rétt

Í síðasta formannshorni fór ég aðeins yfir þær skipulagsbreytingar sem hafa orðið á lögreglunni hér á Íslandi, hinum Norðurlöndunum, Skotlandi og víðar.



verki sínu þ.e. að koma í veg fyrir brot, rannsaka brot sem hafa verið framin og tryggja öryggi þegna samfélagsins.

Það er ljóst að það eru samantekin ráð, ráðamanna, að fara í þessar breytingar á löggæslu í þessum löndum. Samantekin ráð sem hafa, því miður, orðið til þess að löggæsla er mun veikari í dag en hún var fyrir allmörgum árum síðan. Það eðlilega fær mann til að velta því fyrir sér, hvað vakir fyrir ráðamönnum sem ákveða það að fara í skipulagsbreytingar sem hafa það í för með sér að það sem annars virkaði verður veikara á eftir.

Lögreglan hefur orðið enga burði til að fylgja eftir og rannsaka alvarleg efnahagsbrot, mansal, vændi, peningþvætti, fíkniefnamál sem og önnur alvarleg brot sem framin eru í samfélagi okkar á hverjum degi, af þeim myndugleik sem annars ætti að rannsaka þessi alvarlegu mál. Ástæðan er einföld, stjórnvöld hafa hagað málum á þann veg að lögreglunni er það algerlega ókleyft að rannsaka nokkurn skapaðan hlut af einhverju viti. Lögreglunni er það algerlega ókleyft að fylgja eftir nokkrum sköpuðum hlut eða eins og upp á engilsaxneska tungu er sagt „Follow the Money“. Það var einmitt á þann veg sem lögreglunni í Bandaríkjunum Norður Ameríku varð einna best ágennt í baráttunni við skipulagða glæpastarfsemi þegar hún kom höndum yfir hinn alræmda glæpamann og mafíósa Al Capone. Það var með því að elta peningana!

Vandinn liggur sennilega í því sem á upp á engilsaxneska tungu hefur verið kallað New Public Management, sem unnið hefur verið eftir linnulaust í allmörg ár. Það hefur verið gert þrátt fyrir að þeir sem settu fram hugmyndirnar um New Public Management á sínum tíma hafi nú áttað sig á því og viðurkennt opinberlega að þær hreinlega gangi ekki upp í þjónustu sem hinu opinbera ber að sjá borgurinum fyrir þ.m.t. löggæsla. Hugmyndirnar, í sinni einföldustu mynd, ganga út á það að það sem almennt virkar í almennum rekstri fyrirtækja hljóti að ganga og vera hægt að nota í opinberum rekstri. Á Íslandi fékk þessi hugmynd, á sínum tíma, heitið Nýsköpun í ríkisrekstri en hugmyndafræðin á rætur sínar að rekja til stjórnar Margrétar Thatcher í Bretlandi.

Innan skamms mun birtast í öllum helstu dagblöðum Norðurlandanna grein sem formenn allra landssambanda lögreglumanna á Norðurlöndunum hafa sameiginlega skrifað. Grein sem ætti að verða upplýsandi fyrir ráðamenn sem og hinn almenna borgara því ástandið er litlu skárra á hinum Norðurlöndunum en það er hér. Grein sem lýsir vægast sagt döpru ástandi löggæslumála á öllum Norðurlöndunum. Grein þessi ætti að verða nýrri ríkisstjórn á Íslandi veganesti varðandi það sem þarf að gerast í löggæslumálum þjóðarinnar og það ekki seinna en strax. Það verður ekki öllu lengur unað við það ástand sem orðið er í þessum málaflokki. Ef ekkert verður að gert í þessum efnun er ljóst að af því mun hljótast stórslys þar sem mannlíf kunna að týnast. Það er vonandi að ný ríkisstjórn á Íslandi beri gæfa til að snúa nú þegar af þeirri óheillaþróun sem við höfum verið gagnvart öryggis- og varnarmálum okkar á umliðnum árum.

Í kjölfar efnahagshrunsins sem varð um víða veröld árið 2008 hefur það orðið ljósara og ljósara að þeir sem raunverulega bera ábyrgð á því sem þar gerðist, sæta í raun engri ábyrgð. Fjármunir flytjast á milli. Vasar stækka og stækka. Upp kemst um eignir í skattaskjólum o.s.frv. en nákvæmlega ekkert gerist. Þeir sem högnuðust fyrir hrúnið, högnuðust á hruninu og högnuðust á eftirmálum hrunsins. Hinn venjulegi „Jón“ eins og hann birtist okkur t.d. í mynd Péturs Einarssonar „Ransacked“, o.fl. slíkum myndum (t.d. myndum Michael Moore) situr eftir með sárt ennið, eignalaus, allslaus, niðurbrotinn, búinn að missa ástvinu o.s.frv. Hinir sem rökðu að sér gróðanum glotta við tönn og halda áfram að raka að sér fjármunum, þvætta ólöglegt fé í gegnum hin ýmsu skattaskjól og njóta lífsins lúxussemða.

Hér er ekki hægt að kenna því um að „hér varð hrun“ þar sem þessi þróun hófst löngu fyrir hið margumrædda og –umfjallaða hrun. Þessi óheillaþróun hófst hér á landi löngu, löngu fyrir hrun. Hrúnið gerði hinsvegar illt margfallt verra, á því leikur enginn vafi.

Skipulagsbreytingar á lögreglu og niðurskurður gera það að verkum að lögreglan er allsendis ófær um að sinna hlut-

**Snorri Magnússon**  
formaður LL.

# Staðan í raun

Í fjölmiðlum undanfarnar vikur, misseri og reyndar ár, hafa verið fluttar fréttir af bágrri stöðu löggæslumála á Íslandi. Staðan virðist einhvern veginn alltaf fara versnandi á milli ára jafnvel þó að lögreglumenn almennt haldi að botninum hljóti að hafa verið náð.

Í þessu tölublaði Lögreglumannsins er að finna tvær greinar um ástand löggæslumála í Svíþjóð en segja má að ástandið sé nánast það sama á öllum Norðurlöndunum. Gegndarlaus niðurskurður til löggæslumála, samhliða stöðugum skipulagsbreytingum er búinn að draga allan kraft úr löggæslunni þ.a. hún er í dag vart svipur hjá sjón frá því fyrir skipulagsbreytingarnar sem ráðist var í hér á landi, sem og hinum Norðurlöndunum einnig, á árinu

2007. Niðurskurður til löggæslu á Íslandi var reyndar hafinn löngu fyrir skipulagsbreytingarnar og bankahrunið sem hér varð á árinu 2008. Um það vitna fjárheimildir lögreglu eins og þær koma fyrir í fjárlögum hvers árs og ætti að vera hægðarleikur góðum hagfræðingi að skoða þau mál nánar en gert verður í þessari grein.

Ráðuneyti löggæslumála hefur, oftar en ekki, verið óþreytt í því að bera út fréttir um þessa og hina aukninguna á fjárveitingum til löggæslumála, fjölgun lögreglumanna, eflingu löggæslu o.s.frv. Fréttir sem einfaldlega ganga þvert á og gegn öllum staðreyndum og gögnunum um raunverulega þróun mála.

Þannig birtist t.a.m. ein slík yfirlýsing

frá innanríkisráðuneytinu á mbl.is þann 17. október s.l. ([http://www.mbl.is/frettir/innlent/2016/10/17/innanrikisraduneytid\\_bregst\\_vid\\_umfjollun\\_um\\_stodu/](http://www.mbl.is/frettir/innlent/2016/10/17/innanrikisraduneytid_bregst_vid_umfjollun_um_stodu/)) en í henni segir m.a.:

„Það hefur verið forgangsmál innanríkisráðherra að efla löggæslu í landinu. Nauðsynlegt sé til lengri tíma að styrkja starfsumhverfi lögreglunnar og fjölga lögreglumönnum. Á undanförunum árum hafa mikilvæg skref verið stigin í þeim efnum.“

#### Áfram heldur svo í yfirlýsingu:

„Hækkun fjárveitinga frá 2013 nemur 1.888 m.kr. miðað við vísitölu neysluverðs 2016. Hækkunin nemur 21% og er um varanlegar



viðbótarfjárveitingar að ræða. Af þessari upphæð eru um 450 m.kr. vegna kjarasambundinna hækkana. Þessum fjármunum hefur að mestu verið ráðstafað til þess að efla lög-

regluna og hefur áhersla verið lögð á að styrkja grunnþjónustu lögreglu. Má þar nefna eflingu löggæslu á landsbyggðinni, til eflingar eftirlits vegna fjölgunar ferðamanna, aukins aksturs lögreglubíla og til þess að bæta búnað og þjálfun lögreglumanna auk mannaúðsmála.“

Skipulagsbreytingar sem gerðar hafa verið á lögreglunni, á öllum Norðurlöndunum, hafa haft það í för með sér að löggæslan er allstaðar undirmönnuð. Gríðarleg óánægja er í röðum lögreglumanna með þessar breytingar sem allar hafa haft það í för með sér að lögreglumönnum hefur fækkað, álag á þá sem eftir eru við störf hefur aukist, launakjör hafa versnað og óánægja íbúa hvers lands fyrir sig er að koma meira og meira í ljós. Þetta gerist í kjölfar þess að lögreglan er nánast hætt að sjást í samfélögunum, öryggi á vegum úti hefur versnað þar sem umferðareftirlit lögreglu mætir afgangi í ljósi þeirra staðreynda að lögreglan gerir lítið annað en að ferðast á milli útkalla.

#### Hver er svo raunveruleg staða mála hér á landi?

Í nýlegri frétt í Fréttablaðinu (22. október 2016) kom fram að Lögreglan á höfuðborgarsvæðinu fær til reksturs embættisins um 500 milljónum krónum minna á árinu 2016 en hún fékk til rekstrarins á árinu 2007. Hliðstæða sögu er að segja af öllum lögregluembættum á landinu!

Lögreglumönnum hefur stórlega fækkað eins og glögglega má sjá í ársskýrslum embættis Ríkislögreglustjórans. Lögreglubifreiðum hefur að sama skapi fækkað og akstur þeirra, sem eftir eru, til eftirlits og auksins sýnleika lögreglunnar um land allt, hefur stórlega dregist saman.

Í desember árið 2012 kom út skýrslan „Staða lögreglunnar“ (<http://www.mbl.is/media/37/5537.pdf>) sem innanríkisráðuneytið, undir stjórn Ögmundar Jónassonar, þáverandi innanríkisráðherra, gaf opinberlega út.

#### Lögregluáðurinn greip niður á nokkrum stöðum í þessari skýrslu Ögmundar:

„Á samráðsfundi ráðuneytisins með ríkislög-

reglustjóra, 6. október sl. [2012 – innsk. Lögregluáðurinn] skýrði ríkislögreglustjóri frá því að hann hefði átt samráðsfundi með lögregluliðum úti á landi. Á þeim fundum hefðu eindregið komið fram að nú um stundir væri lögreglunni ókleift að leysa þau verkefni sem ætlast væri til af henni vegna fjárskortis og mannekleu.“

Það verður að segjast eins og er að þarna eru á ferðinni ansi alvarlegar aðvaranir lögreglustjóra landsins til stjórnvalda um raunverulega stöðu lögreglunnar. Áfram heldur í skýrslunni:

„Ljóst er að mati ráðuneytisins að brýnt er að huga að grunnþáttum í starfi lögreglunnar þ.e. fjárveitingum og fjölda lögreglumanna. Forgangsatridi er að fjölga almennum lögreglumönnum sem annast útköll og almennt lögregluftirlit og nauðsynlegum búnaði því tengdu.“

Vissulega fögur fyrirheit hér á ferð af hálfu þess ráðuneytis sem fer með löggæslumál en hverjar hafa efnidirnar verið?



# Eftirtaldir aðilar óska lögreglumönnum velfarnaðar í starfi

## Reykjavík

- A. Margeirsson ehf
- A. Wendel ehf
- Aðalvík ehf
- Arctic Trucks Ísland ehf
- Arkis arkitektar ehf
- Atlantsflug ehf
- Auðmerkt ehf
- Auglýsingastofan ENNEMM
- ÁH lögmenn slf
- Álafoss - verslun
- Árni Reynisson ehf
- Ásbjörn Ólafsson ehf
- Bakameistarinn ehf
- Bakkus ehf
- Bifreiðaverkstæði Svans ehf
- Bílamálun Sigursveins Sigurðssonar
- Bílaréttingar og bílasprautun Sævars ehf
- Bílasmiðurinn hf
- Bílfang ehf
- BK eignir ehf
- BK kjúklingar
- Blaðamannafélag Íslands
- Bláfugl hf
- Blikksmiðjan Glófaxi hf
- Blómabúðin Hlíðablóm
- Blómatorgið ehf
- Bonafide lögmenn ráðgjöf sf
- Bókhaldsþjónustan Vík
- Búseti svf
- Byggingarfélag Gylfa og Gunnars ehf
- Danica sjávarafurðir ehf
- Dental stál ehf
- dk hugbúnaður ehf-www.dk.is
- Draupnir lögmennsþjónusta ehf
- Efling stéttarfélag
- Eignamiðlunin ehf
- Endurskoðun og reikningskil hf
- Fjeldsted & Blöndal lögmennsstofa slf
- Frami, félag leigubifreiðastjóra
- Fylkir ehf
- Gagnaeyðing ehf
- Gallerí Fold
- Garðs Apótek ehf
- Gáski sjúkrahjúfuh ehf
- GB Tjónaþjónustur ehf
- Geiri ehf, umboðs- og heildverslun
- Gilbert úrsmiður
- Gjögur hf
- Gray Line Allrahanda ehf
- Grettir Guesthouse ehf
- Guðmundur Arason ehf, smíðajárn
- Gunnar Örn - málningarþjónusta

- Gúmmisteypa Þ. Lárusson ehf
- Hafgæði sf
- Hagi ehf-Hilti
- Hamborgarabúlla Tómasar
- Hamborgarabúlla Tómasar - Við erum öll jöfn
- Hárlausnir ehf
- Hereford Steikhúsið ehf
- Hilmar D. Ólafsson ehf
- Hitastýring hf
- Hjá Dóra ehf, matsala
- Hjá Guðjón Ó ehf
- Hornið veitingastaður
- Hótel Frón ehf
- Hótel Leifur Eiríksson ehf
- Hreinsitækni ehf
- Höfðakaffi ehf
- IcePharma hf
- Innnes ehf
- Inter ehf
- Ísaga hf
- Ísfrost ehf
- Íslenska Gámafélagið ehf
- Ísold ehf
- Ís-spor ehf
- Íþróttabandalag Reykjavíkur
- K. H. G. Þjónustan ehf
- K. Pétursson ehf
- K-R-S-T Lögmenn
- Kemi ehf-www.kemi.is
- Kjöthöllin ehf
- Klettur - sala og þjónusta ehf
- Knattþórastofan Klöpp ehf
- KOM almannatengsl
- Kone ehf
- Kortþjónustan hf
- Kvikk Þjónustan ehf
- Lagastoð lögræðiþjónusta ehf
- LAG-Lögmenn sf
- Lagnalagerinn ehf
- Lausnir lögmennsstofa ehf
- Láshúsið ehf
- Le Bistro - franskur bistro & vínbar
- Lifandi vísindi
- Litla sendibílastöðin
- Ljósblík rafverktakar ehf
- Ljósboginn ehf
- Ljósinn í bænum
- Logy.is
- Lögmenn Árbæ slf
- Lögmenn Höfðabakka ehf
- Lögmenn Jónas & Jónas Þór sf
- Löndun ehf
- Marco Polo

- Margt smátt ehf
- Matborðið ehf
- Málameistarar ehf
- Mentis Cura ehf
- MS Armann skipamiðlun ehf
- Múlakaffi
- Múlaradíó ehf
- Mörkin Lögmennsstofa hf
- Nexus afþreying ehf
- Nói-Síríus hf
- Nýi öskuskólinn ehf
- Nýja bílahöllin ehf
- Orkuvirki ehf
- Ósal ehf
- Pétur Stefánsson ehf
- Pixel ehf
- Plast - miðar og tæki ehf
- Poulsen ehf
- Pósturinn
- Rafax ehf
- Rafskoðun ehf, faggilt skoðunarstofa
- Rafstjórn ehf
- Rafsvið sf
- Rafver hf
- Rafþjónustan slf
- Rannsóknarnefnd samgönguslysa húsi FBRS
- Ratsjá ehf
- Ráðgjafar ehf
- Reykjavík Motor Center ehf
- Reykjavíkurborg
- Réttingaverkstæði Bjarna og Gunnars ehf
- Réttur - ráðgjöf & málflytningur
- Samsýn ehf
- Sendibílar og hraðþjónusta ehf
- Shalimar, Pakistanska veitingahúsið
- SHV pípuþjónustan ehf
- Sjávargrillið ehf
- Skipþjónusta Íslands ehf
- Skorri ehf
- Skotfélag Reykjavíkur
- Skóarinn í Kringlunni ehf
- Skóverslunin Iljaskinn ehf
- SM kvótapiing ehf
- Smurstöðin Klöpp ehf
- Sportlif-www.sportlif.is
- Stál og stansar ehf
- STEF Samband tónskálda og eigenda
- Stjórnuegg hf
- Stólpi Gámar
- Stólpi gámar ehf, gámaleiga og sala
- Stóra bílasalan ehf
- Suzuki bílar hf
- Svarta Kaffið kaffihús

## Fjöldi lögreglumanna

Á árunum 2014 og 2015 voru veittar aukalega 500 milljónir króna til löggæslu sem m.a. áttu að skila sér í fjölgun lögreglumanna um fjórtíu (40) á landsvísi. Séu upplýsingar úr árs-skýrslu Ríkislögreglustjóra skoðaðar, varðandi mannafla lögreglunnar, kemur hinsvegar eftirfarandi í ljós um fjölda lögreglumanna á árunum 2003 til 2016:

2003	702
2004	669
2005	690
2006	697
2007	678
2008	646
2009	686
2010	659
2011	647
2012	624
2013	612
2014	620
2015	634
2016	629

## Myndrænt litur þróun þessara ára svona út:



Landssamband lögreglumanna á afar erfitt með að koma auga á það hvernig þessi þróun helst í hendur við fullyrðingar innanríkisráðherra um að „[...] efla lögregluna [...]“ og að „[...] styrkja grunnþjónustu lögreglu [...]“ það liggur enda í hlutarinn eðli að grunnþjónusta lögreglu verður ekki eflað nema með verulega auknum fjölda lögreglumanna, fleiri lögreglubifreiðum og auknum akstri þeirra samfara fjölgun lögreglumanna og -bifreiða. Þá er það algerlega kristaltært að „[...] eflingu löggæslu á landsbyggðinni, til eflingar eftirlits vegna fjölgunar ferðamanna [...]“ verður engan vegin náð fram með þeim staðreyndum sem fyrir liggja um fjölda lögreglumanna á Íslandi og þeirri þróun sem þar hefur orðið undanfarin ár.

## Fjöldi lögreglubifreiða og akstur þeirra

Sömu sögu er að segja af fjölda lögreglubifreiða á landsvísi og sést gagnvart fjölda lögreglumanna. Þá er einnig athyglisvert í ljósi yfirlýsinga innanríkisráðherra frá 17. október, um eflingu lögreglunnar að skoða staðreyndir málsins:

2003	160
2004	161
2005	161
2006	162
2007	163
2008	165
2009	163
2010	150
2011	150
2012	145
2013	143
2014	141
2015	140
2016	Ekki vitað

## Myndrænt litur þessi þróun svona út:



Þegar svo akstur lögreglubifreiða á Íslandi er skoðaður og borinn saman við fullyrðinguna „[...] aukins aksturs lögreglubifreiða [...]“ kemur eftirfarandi í ljós:

2003	5,527,252
2004	5,516,029
2005	5,516,025
2006	5,713,449
2007	5,521,841
2008	5,137,614
2009	4,521,354
2010	4,223,421
2011	3,942,515
2012	3,648,203
2013	3,423,578
2014	3,573,448
2015	3,319,942
2016	Ekki vitað

## Og myndrænt litur staðan svona út:



Í ljósi þess sem staðreyndir málsins sýna fram á er erfitt að átta sig á því hvað felst í fullyrðingu innanríkisráðherra um að akstur lögreglubifreiða hafi verið aukinn. Hið rétta í málinu er þveröfugt við fullyrðingu ráðherrans.

## Annað úr skýrslunni um „Stöðu lögreglunnar“

Áfram er hægt að skoða innihald skýrslu Ögmundar.

„Grunnbúnaður lögreglu til þess að takast á við sérstakar lögregluáðgerðir vegna vopnamála, hryðjuverka og annarra stórfelldra ofbeldisglæpa er mjög takmarkaður, búnaður sem til er þarfnast að mestu leyti endurnýjunar og viðbúnaðargetan er óviðunandi varðandi fyrstu viðbrögð og vegna öryggis ríkisins.“

[...] „Ríkislögreglustjóri gerði árinu 2006 tillögur um nauðsynlega eflingu búnaðar og þjálfunar. Ástand búnaðar og þjálfunarmála hefur tekið litlum breytingum til batnaðar frá þeim tíma og því er efling þessara þátt orðið brýnna mál en áður.“

[...] „Mannfæð og fjárskortur lögreglu hefur leitt til þess að lögreglan er hætt að sinna fjölmörgum verkefnum og möguleikar á að skipuleggja sérstök átaksverkefni og þjálfun eru nánast engir. Frumkvæðislöggæsla hefur því dregist verulega saman og störf lögreglunnar við að halda uppi allsherjarreglu, gæta almannaöryggis og stemma stigu við afbrotum hefur skerst verulega.“





Í skýrslu Ögmundar er vikið sérstaklega að umsögn stjórnar Lögreglustjórafélagsins sem óskað var sérstaklega eftir í tengslum við skýrsluskrifin. Í umsögn lögreglustjóranna segir m.a.:

„Fjárskortur lögreglunnar hefur leitt til fækkunar lögreglumanna víða í lögreglulíðum landsins og hefur það haft mikil áhrif á störf og mátt lögreglunnar í landinu. Vegna fækkunarinnar hefur lögreglan forgangsraðað verkefnum þannig að síður brýn verkefni eru látin sitja á hakanum eða þeim er ekki sinnt. Fjárskorturinn hefur víða leitt til þess að hvorki er ráðið í stöður, sem losna tímabundið vegna veikinda, né heldur í afleysingar. Aukavinnna þeirra lögreglumanna hefur víða verið skert verulega og dregið úr akstri lögreglubifreiða. Þetta hefur leitt til þess að almennir lögreglumenn sinna aðeins brýnustu verkefnum og mál í rannsóknardeildum hlaðast upp og málsmeðferðartími í deildunum lengist verulega.“

Um svokallaða almenna deild lögreglu (útkallslögreglu) er sérstaklega fjallað í skýrslunni m.a. með þessum orðum:

„Fækkun lögreglumanna við almenn lögreglustörf hefur dregið verulega úr frumkvæðisvinnu lögreglunnar. Minni frumkvæðisvinnu lögreglunnar sést helst í minni eftirlitisstörfum s.s. með umferð, fíkniefnum og vinveitingahúsum og minna öryggisefirliti í þéttbýli og sumarbu-staðabygðum. Þá er forvarnarvinnu lögreglunnar orðin mjög lítil. Dæmi um önnur störf, sem lögreglan hefur dregið úr að sinna – eða sinnir ekki – eru útköll vegna hávaða nágretta, minni háttar þjófnaðarmál eða eignaspjöll.“

Í viðlendum lögregluumdæmum hefur minnkandi akstur lögreglubifreiða dregið verulega úr eftirliti og sýnileika lögreglunnar. Sama gildir í öðrum umdæmum þó áhrifin á sýnileika lögreglunnar séu ekki þau sömu. Í viðlendu umdæmi getur brýnt útkalla lögreglu um langan veg þýtt að vegna kostnaðar sem af því

hlýst þurfi að draga úr kostnaði sem lögreglan hefur af því s.s. draga úr akstri í önnur verkefni síðar.

Mannekla í almennri löggæslu skapa einnig vandamál þar sem fáir eru á vakt á hverjum tíma. Eitt útkall getur tekið einn eða tvo lögreglumenn alla vaktina og er þá engin til að sinna öðrum útköllum eða verkefnum á meðan. Einnig þar sem ekki er sérstök fangavakt þá getur maður í haldi valdið því að vaktin lokist inn á lögreglustöð og sveigjaleikinn vaktarinnar verður lítill. Vegna niðurskurðar í aukavinnu og færri tiltækum lögregluönnum er ekki hægt við svona aðstæður að kalla aðra lögreglumenn á aukavakt. Þá eru lögreglumenn á bakvakt ekki sendir í útkall nema í neyðartilvikum. Önnur dæmi um afleiðingar fjárskortsins eru m.a. að lögreglustöðvum hefur verið lokað víðsvegar um landið og að hundadeild lögreglu höfuðborgarsvæðisins, LRH, hefur verið lögð niður og sólarhringsvakt verið lögð niður s.s. Akranes og Vestmannaeyjar og í Vestmannaeyjum þrátt fyrir stórauðinn ferðamannstraum þar.“

Þá segir sérstaklega um rannsóknir mála í skýrslunni:

„Hægt hefur á rannsóknum í einstökum mála-flokkum en rannsóknir kynferðisbrota, heimilis- ofbeldis og alvarlegra líkamsárása eru almennt látnar sæta forgangi. Vegna þessarar forgangsroðunar hefur málsmeðferðartími lengst verulega í þeim brotaflokkum sem ekki eru í forgangi. Hjá LRH liggur fyrir að rannsóknum ákveðinna mála hefur ekki verið sinnt vegna mannekle og hefur embætti kynnt embætti ríkissaksóknar þessi vandamál.“

Rétt er að vekja á því athygli hér að Lands-samband lögreglumanna gerði á sínum tíma alvarlegar athugasemdir við afbrotatölfræði lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu, sem m.a. sýndi fram á tiltekna fækkun hegningarlaga-brota, eignaspjalla o.fl. mála. Þessari fækkun, sem tölfræðin sýndi var m.a. þakkað árangri af skipulagsbreytingum, auknum fjölda lögreglumanna, öflugra eftirlit og forvörnum svo eitthvað sé nefnt.

Textinn hér að ofan, úr skýrslu Ögmundar Jónssonar frá árinu 2012, sýnir, svo ekki verður um villst, að gagnrýni Landssambands lögreglumanna á þróun löggæslumála og rannsóknir mála sérstaklega, átti fyllilega rétt á sér á sínum tíma, líkt og hún á fullan rétt á sér í dag.

Einnig er fjallað sérstaklega um öryggi lögreglumanna í skýrslunni en þar segir m.a.:

„Fækkun í lögreglu hefur haft mikil áhrif á öryggi lögreglumanna. Á mörgum stöðum á landinu er einungis einn lögreglumaður á vakt og á mörgum stöðum er lágmarksönnun á vöktum. Lögreglumenn fara oft einir í útköll sem í upphafi virðast einföld og venjubundin en þegar á hólminn er komið snúast þau upp í andhverfu sína. Á fámennum vöktum ógna slík útköll öryggi lögreglumanna verulega því þeir hafa lítinn eða engan bakstuðning.“

Öryggi á lögreglustöðum og fyrir lögreglumenn hefur ekki verið nægjanlegt. Ekki verið til fjármagn til að setja upp nauðsynlegar eftirlitsmyndavélar við lögreglustöðvar, fangaklefa og á fleiri stöðum sem nauðsynlegt væri að hafa vélar. Nauðsynlegar úrbætur á aðkomu að sumum lögreglustöðvum hafa setið á hakanum vegna fjárskorts.“

Sérstaklega var fjallað um fjárveitingar til lögreglunnar í skýrslunni en þar segir m.a.:

„Frá árinu 2008 til ársins 2011 hafa fjárveitingar til lögregluembættanna miðað við vísitölu september 2012 lækkað um 2,8 milljarða króna. Embætti sérstaks saksóknara er ekki hér meðtalið.“

Enn frekar er hægt að velta fyrir sér staðreyndum í ljósi þess sem að ofan greinir og í þetta sinn horfa á þær út frá breytingum í prósentum en fréttir þess efnis hafa a.m.k. verið fluttar í þriggja á heimasíðu Landssambands lögreglumanna undanfarið misseri. Hér er horft á þróunina á árunum 2000 til 2015:

Lögregluönnnum fækkaði um:	8,78%
Lögreglubifreiðum fækkaði um:	13,04%
Akstur lögreglubifreiða dróst saman um:	39,91%
Íbúaföldi á Íslandi jókst um:	17,94%
Ökutækjum á Íslandi fjölgaði um:	54,91%
Ferðamönnum á Íslandi fjölgaði um:	325,60%


Tafla 1 - Heimildir sem notast var við til vinnslu upplýsinganna í töflunni hér að ofan eru fengnar úr ársskýrslum Ríkislögreglustjórans sem og af vefjum Hagstofunnar, Ferðamálastofu og Samgöngustofu

Það er vissulega döpur mynd sem hér er upp dregin af ástandi löggæslumála á Íslandi. Landssamband lögreglumanna hefur áður og margitrukað varað stjórnvöld við þeirri þróun sem orðið hefur í þessum málaflokkum en á þær aðvaranir hefur ekki verið hlustað hingað til.

Eins og fram kom hér í upphafi og sést á öðrum greinum í þessu blaði er það ekki bara á Íslandi sem staðan er grafalvarleg er kemur að löggæslumálum.

Það þjónar engum tilgangi og er engum

til góðs að stinga höfðinu í sandinn og halda fram hinu gagnstæða um raunverulega stöðu lögreglunnar í sérstökum yfirlýsingum frá því ráðuneyti sem fer með löggæslumál. Slíkt kann ekki góðri lukku að stýra og mun á endanum, ef stjórnvöld halda áfram að sofa sínum Þyrnirósarsvefni, og ef ekkert verður að gert af þeirra hálfu í þessum efnunum, valda hér á landi stóralvarlegu slysi eða slysum og meira manntjóni en þegar kann að hafa orðið.



Línuritíð sýnir fjölda lögreglumanna árin 2002 - 2016 ásamt upplýsingum um áætlaðan fjölda fyrir árin 2008 - 2011 og hver staðan ætti í raun og veru að vera ef áætlanir stjórnvalda hefðu gengið eftir.



Umferðarstjórn í Hafnarstræti 1960.



Til skrifstofu Landssambandsins bárust þessi minningabrot, sem Tómas Einarsson f.v. lögreglumaður hafði sett á blað á síðustu dögum ævi sinnar, en hann lést 12. febrúar 2006

# Datt í hug að kanna hvort ég kæmist að í lögreglunni

**T**ómas starfaði sem lögreglumaður í Reykjavík í 13 ár, á árunum 1953 til 1966. Hann hélt mikla tryggð við fyrrum samstarfsfélaga sína og hafði til fjölda ára boðið fram fararstjórn sína í sumarferðum lífeyrisþegadeildarinnar endurgjaldslaust. Er honum þökkud öll vinsemd og sá fróðleikur er hann miðlaði til okkar á sinn þrúða og glettna hátt.

Tómas var fæddur þann 10. nóvember 1929 að Stóra-Fjalli, Borgarhreppi, Mýrasýslu. Hann stundaði nám við héraðsskólann í Reykholti 1945 – 1946, lauk kennaraprófi frá Kennaraskóla Íslands 1950, íþróttakennaraprófi frá Íþróttakennaraskólanum árið 1952 og lögreglumannsnámskeiði árið 1953. Þá sótti hann námskeið í lögreglufræðum á vegum the Cleveland International Program (CIP) í Bandaríkjunum 1964 og var í námsdvöl í Cambridge í Englandi 1974 – 1975. Hann sinnti fjölmörgum trúnaðarstörfum og kom að stéttarfélagsmálum kennara um árabíl.

Tómas var sæmdur bronsmerki Landssambands lögreglumanna árið 2001 fyrir störf í þágu lífeyrisþegadeildar LL.

Við gefum Tómasi orðið.

Ég gekk í lögregluna sumarið 1953. Tildrögin gengu hratt fyrir sig. Ég hafði kennt við barnaskólann í Garði veturinn áður, en leiddist starfið. Ég fékk þá þá hugmynd að prófa nýtt. Datt í hug að kanna hvort ég kæmist að í lögreglunni. 18.

júni það vor var ég staddur í Reykjavík. Fór um morguninn niður á lögreglustöð og hitti Erling Pálsson yfir lögregluþjón að máli. Sagði honum erindi mitt. Hann tók vel í það. Kvaðst ætla að íhuga málið og láta mig síðan vita.



Tómas Einarsson.

Gamla lögreglustöðin í Pósthússtræti.



Um miðjan júlí var hringt heim til mín og tilkynnt, að ég hefði verið ráðinn til starfa og ætti að byrja strax. Ég gengdi þessu kalli strax og þegar ég hitti Erling sagði hann mér að umsókn mín hefði verið samþykkt og ekki eftir neinu að biða.

Næstu dagar fóru svo í kennslu í undirstöðuatriðum lögreglustarfsins, s.s. varðandi handtöku, beitingu handjárna, notkun kylfu og fl. í þeim dúr. Jafnframt þessu var tekið til við að sauma á mig júniformið og þegar það var tilbúið var kennslustundunum lokið og ég kominn til starfa á vöktum. Mun það hafa verið um 20. júlí. Við vorum fjórir nýliðar, Bjarni Bjarnason, Þorsteinn heitinn Alfreðsson, Erlendur Sveinsson og ég. Ég fékk númerið 118.

Fyrsta stóra þolraunin sem ég hlaut var um verslunarmannahelgina. Vorum við Þorsteinn J. Jónsson settir á bíl og fengum það hlutverk að fara austur fyrir fjall og vinna þar að almennum lögreglustörfum, einkum fylgjast með umferðinni. Við tókum þetta hlutverk mjög alvarlega. Tókum okkur stöðu við vegamótin að Selfossi síðdegis þessa daga og stöðvuðum flesta bíla sem þar áttu leið um og athuguðum ástand ökumanna og rukkuðum þá m.a. um ökuskírteini. Var allmikill misbrestur því að það væri meðferðis og skrifuðum við allmargar skýrslur um þá vanrækslu ökumanna.

Á sunnudagskvöldið var ball að Minni Borg. Við fórum þangað og var aðkoman ekki sérstaklega glæsileg. Dansgestir voru almennt undir áhrifum áfengis og höfðu þeir m.a. brotið rúður í danssalnum og fóru síðan út og inn um gluggana. Auk þess voru þústrar og hnippingar með mönnum. Stuttu eftir að við komum í hlaðið kom hreppstjórinn að máli við okkur. Var hann all æstur og gerði þá kröfu að við stoppuðum dans-

Brugðið á leik 1956.



## Minningarbrot frá Tómasi Einarssyni

leikinn og rækjum alla úr húsinu. Þorsteinn hafði orð fyrir okkur. Kvað hann það ófært með öllu og féll þá talið niður og hreppstjórinn ekki kátur yfir þeim málalokum. En í staðinn tókum við að okkur allskonar reddingar. Stöðvuðum blæðingar hjá þeim sem höfðu skoríð sig og reyndum eftir getu að róa mannskapinn. Það tókst vel og lauk samkomunni í ró og spekt.

Um haustið tók við nokkurra mánaða námskeið. Við fjórir sem fyrr eru nefndir settust þar á skólabeck auk allmargra annarra sem komu þá til starfa. Þetta var skemmtilegur hópur og margt brallað. Kennarar voru flestir starfsmenn lögreglunnar. Erlingur var stjórnandinn og auk þess fór hann með okkur yfir lögreglusamþykkt Reykjavíkur, grein fyrir grein. Þessir tímar hjá honum voru eftirminnilegir, ekki vegna náms-efnsins, heldur hvernig hann tók á því. Í flestum kennslustundum eyddi hann oft löngum tímum í að segja okkur sögur sem oft á tíðum voru nokkru tengdar því efni sem um var rætt hverju sinni. En stundum fór hann á flug og var þá söguefnið víðs fjarri efni kennslustundarinnar. Mér eru tvær sögur minnstæðar sem hann sagði okkur.

Fyrri sagan var um það þegar hann reri á vertíð til fiskjar, að mig minnr á Vatsleysuströnd. Nóttina fyrir róður dreymdi hann draum sem hann réði svo að lífsháski biði þeirra næsta dag. Snemma morguns var áhöfnin vakin og gengu menn síðan að bátnum og ýttu honum á flot. Veður var kyrrt og útlitið gott. En Erlingur var minnugur draumsins svo hann náði í stóran stein úr fjörunni, gat komið honum inn fyrir borðstokkinn og kom honum fyrir í botni bátsins. Formaðurinn skildi ekkert í þessu háttlagi hásetans en lét þetta kyrrt liggja. Var síðan haldið á miðin og gekk allt að óskum, nægur fiskur og allt lét í lyndi. En skjótt skipast veður í lofti. Allt í einu, öllum að óvörum, skall á aftaka veður af landi. Þetta kom öllum að óvörum og þegar fyrsta vindkviðan skall á bátnum lagðist hann á hliðina. Erlingur brást skjótt við, náði taki á steininum og gat haldið honum kyrrum í botni bátsins. Þetta varð til þess að unnt var að rétta bátinn við, annars hefði hann fyllt og sokkið.

Nú var aðal þrautir eftir, að komast að landi. Segl var sett upp og byrjað að 'krusa' til lands. Þetta gekk erfiðlega en samt þokaði þeim áfram og þegar skammt var til kvölds voru þeir komnir nærri landi og eygðu von. En þá blasti við þeim furðuleg sjón. Svo mikið hafði veðrið verið að hópur suðfjár sem hafði verið á beit í fjörunni hrakti út í sjó og á sund. Þessum kindum mættu þeir nú. Það vakti mikla furðu, en var ekkert miðað við þá sjón sem við blasti því kindurnar höfðu skipt sér í hópa

á sundinu. Þær svörtu voru sér, gráu sér og þær mórauðu sér.

Á leiðinni í land var fátt rætt um borð en þegar bátnum hafði verið komið á þurtt gekk formaðurinn til Erlings, tók í hendina á honum og þakkaði honum fyrir lífgjöfina, því ef steinninn hefði ekki verið um borð, þá hefði bátnum hvolft og öll áhöfnin druknað.

Ég man eftir annarri sögu. Það var að sumarlagi. Einhver forvitnilegur atburður var að gerast við höfnina. Flatbotna prammi lá þar við bryggju og hópaðist fólkið um borð til að sjá betur. Erlingur var þar við löggæslu ásamt öðrum manni. Hann sá að pramminn var farinn að síga undir mannföldanum og kominn að því að sökkva. Hann skipaði fólkinu að fara í land en enginn hlýddi. Þeir félagar urðu þá að beita valdi. Tóku upp kylfur og gátu stjakað við fólkinu og komið því upp á bryggju. Menn urðu all reiðir og einhverjir þústrar urðu þarna en lögreglumennirnir höfðu sitt fram.

Morguninn eftir var Erlingur kominn á skrifstofuna á til settum tíma. Þar sá hann Morgunblaðið. Þar var fréttagrein frá því deginum áður sem greindi frá því að á Jangstekiang fljótinu í Kína hafði flatbotna prammi sokkið eftir að mannföldi hafði troðist um borð og ekki tekist að forða sér í land. Þarna drukkuðu tugir manna.

Þegar Erlingur hafði rétt lokið við lestur greinarinna opnuðust dyrnar á skrifstofunni og inn ruddist heljarmenni mikið, sýnilega bálreiður. Kvaðst hann vera kominn til að jafna um Erling því hann hafði barið konu sína daginn áður í átökunum við prammann. Þegar maðurinn hafði rutt þessu út úr sér og og ætlaði að framkvæma ætlun sína, rétti Erlingur honum Morgunblaðið og bað hann að lesa umrædda grein. Maðurinn leit snögglega á textann, lagði hann síðan frá sér, rétti fram hendina og baðst afsökunar á framferði sínu. Nú sæi hann hvað hefði getað gerst og í stað þess að skammast þakkaði hann Erlingi fyrir að hafa barið konu sína. Hún hefði sannarlega átt það skilið.

Eins og fyrr er sagt, las Erlingur lögreglusamþykktina með okkur. Þegar leið að lokaprófi tók Erlingur til þess ráðs sem ég hef hvorki fyrr né síðar reynt, þótt ég hafi lokið slatta af prófum. Síðustu tímuna las hann upp spurningar og svör við þeim. Þetta skrifuðum við samviskulega niður eftir þessum upplestri. Hann sagði okkur að prófið yrði úr þessu efni. Það reyndist rétt. Á prófblaðinu voru spurningar, hluti þeirra sem við höfðum skrifað niður. Nokkrum dögum síðar kom Erlingur í tímann glaður í sinni og þakkaði okkur fyrir góða þekkingu á þessu fagi. Eftir að búíð var að fara

*Lögreglan stendur heiðursvörð við komu Friðriks níunda Danakonungs 1957. Hér tekur Ásgeir Ásgeirsson á móti konungi og fylgdarliði hans.*



yfir allar úrlausnir á prófum hefði komið í ljós að þekking okkar í hans fagi hefði verið það besta á öllu prófinu.

Góðir félagar. Ég var í þrettán ár í lögreglunni í Reykjavík. Eitt og hálf ár í götulögreglunni, en þann 1. janúar 1955 fór ég til rannsóknarlögreglunnar og sinnti þar einkum málum sem snertu börn og ungmenni. Þessi ár voru og eru mér mikils virði. Ég kynntist mannlífínu með nýjum hætti. Þegar við eigum samskipti við náungann, sjáum við ekki nema yfirborðið. Þetta minnr á ísjakann. Einn tíundi hluti hans er sýnilegur ofan vatns. Hinn hlutinn sést ekki nema kafað sé undir yfirborðið. Þar kemur margt á óvart. Starf lögreglumannsins er ekki síst fólgið í því að fást við

það í fari manna sem ekki er sjáanlegt við fyrstu sýn. Það sem þar blasir við manni kennir manni hversu flókið þetta mannlíf er. Að kynast því hlýtur að gera menn skyggjarni á samferðamenn-

ina og ætti að bæta okkur, sem við þessi störf fást. Þetta er strangur skóli og hann ætti að gera okkur viðsýnni og umburðarlyndari. Ég tel að svo hafi verið með mig.

Nú læt ég þessu lokið. Bestu þakkir fyrir samferðina á lífsbrautinni og alla þá vinsemd sem þið hafið sýnt mér og sýnið mér enn.

BLUE LAGOON  
ICELAND

BONUS



EIMSKIP

Frumherji

FULLTINGI  
slysa- og skaðabótamál

GINGER

HÓTEL  
ALLORMSSTAÐUR

# Eftirtaldir aðilar óska lögreglumönnum velfarnaðar í starfi

Sveiney ehf  
SVÞ-Samtök verslunar og þjónustu  
Sægreifinn, Verðúð 8  
Söluturninn Víkivaki

Tandur hf  
Tark - Arkitektar  
TBG ehf  
Timberland  
Tollstjóraembættið

Tollvarðafélag Íslands  
Tort ehf  
Tóbaksverslunin Björk  
Trip ehf  
Tækni ehf, vélsmiðja

Tösku- og hanskabúðin ehf  
Utánríkisráðuneytið  
Útfarþjónusta Rúnars Geirmundssonar  
Varma & Vélar ehf

Varma the warmth of Iceland  
Velmerkt ehf  
Verkfræðistofan Skipatækni ehf  
Verkfræðistofan Víðsjá ehf

Verkfærasalan ehf  
Verslunin Kvosin  
Vesturröst-Sérverslun veiðimanna  
Vélar og verkfæri ehf

Vélvík ehf  
Vilberg kranaleiga ehf  
Vitabar, veitingahús  
Víkuros ehf, bílamálun og réttingar

Vottunarstofan Tún ehf,  
vottun sjálfbærra náttúru nytja  
Vörubílastöðin Próttur hf  
ÞÓB vélaleiga ehf

Þrir Frakkar hjá Úlfari, veitingahús  
Örninn ehf  
**Seltjarnarnes**  
Ljósmyndastofa Erlings

**Vogar**  
Loftræstihreinsun ehf  
Kópavogur  
BB44 Gisting ehf

Bífreiðastillingin ehf  
Bífreiðaverkstæði Björns Pálmasonar ehf  
Bífreiðaverkstæði Kópavogs ehf  
bilalokkun.is  
Bílalakk ehf  
Bílamarkaðurinn  
Bílasprautun og réttingar Hjartar

Bílaverkstæði Kjartans og Þorgeirs sf  
Bílhúsið ehf  
Bíljöfur ehf, gul gata  
Bílstál ehf

Blikkás-Funi ehf  
Byggðþjónustan bókhald og ráðgjöf  
Fossar,tryggingar og ráðgjöf ehf  
Guðjón Gíslason, dúklagningameistari

Hefilverk ehf  
Hvellur-G. Tómasson ehf  
Höll ehf  
Ingi hópferðir ehf  
Init ehf

Ísnes ehf, heildverslun  
JS-hús ehf  
Kambur ehf  
Kjöthúsið ehf  
Körfuberg ehf

Lakkskemman ehf  
Ledlýsing  
Litalausnir málningarþjónusta ehf  
Loft og raftæki ehf

Löggiltir endurskoðendur  
Ólafssynir ehf  
RadioRaf ehf  
Rafmiðlun hf  
Rafport ehf

Rafvirkni ehf  
Saumastofa Súsönnu  
Slökkvitækjaþjónustan ehf  
Sports Direct  
TERN SYSTEMS ehf

Tækniþjónusta Ragnars G Gunnarssonar ehf  
Þórutindur ehf  
Ökukennsla EK ehf  
**Garðabær**  
Aflbinding-Járnverktakar ehf

Engilbert ÓH Snorrason tannlæknastofa sf  
Garðabær  
Geislatækni ehf-Laser-þjónustan  
GJ bílahús  
Hagráð ehf

Kópavogspósturinn ehf  
Krókur ehf  
Pípulagnaverktakar ehf  
Rafboði  
S.S. Gólf ehf  
Val - Ás ehf

Öryggisgirðingar ehf

## Hafnarfjörður

Barkasuða Guðmundar ehf  
Donna ehf  
DS lausnir ehf  
Efnalaugin Glæsir

Enjo - Clean Trend  
EÓ-Tréverk sf  
Fíring ehf Meindýravarnir  
Flúrlampar ehf  
Hagtak hf

Hlaðbær-Colas hf, malbikunarstöð  
Hraunhamar ehf  
Ísfell ehf  
J-vélar ehf  
Kerfi fyrirtækjaþjónusta ehf

Kæling ehf  
Lögmenn Thorsplani sf  
Matbær ehf  
Mynstrun ehf  
Pappír hf

Rafgeymasalan ehf  
SBJ réttingar ehf  
Skerpa renniverkstæði  
Sæblik ehf - Holtanesti  
Trefjar ehf

Trésmiðjan okkar ehf  
Umbúðamiðlun ehf  
Úthafsskip ehf  
Vélsmiðjan Altak ehf  
Viking björgunarbúnaður

## Reykjanesbær

B & B Guesthouse  
Bílar og Hjól ehf  
Dacoda ehf  
Ferðaþjónusta Reykjaness ehf  
IGS ehf Keflavíkurlflugvelli

Kaffibar.is  
M² Fasteignasala & Leigumiðlun  
Málverk slf  
Neslagnir slf, pípulagningaþjónusta  
Olsen Olsen

Plastgerð Suðurnesja ehf  
Pústþjónusta Bjarkars ehf  
Renniverkstæði Jens Tómassonar  
Rétt sprautun ehf  
Rörvirki sf

Samband sveitarfélaga á Suðurnesjum  
Skólamatúr ehf  
Smur- og hjólbarðaþjónustan ehf  
Suðurflug ehf  
Útfarþjónusta Suðurnesja



Gæði



Áreiðanleiki



Trúnaður

# Túlkapjónusta á 65 tungumálum



[www.asetur.is](http://www.asetur.is)

[asetur@asetur.is](mailto:asetur@asetur.is)



+354 530 9300



# *Estirtaldir aðilar óska lögreglumönnum velfarnadar í starfi*

Verkfræðistofa Suðurnesja hf  
Verslunarmannafélag Suðurnesja

## **Grindavík**

Einhamar Seafood ehf  
Eldfjallaferðir ehf  
EVH verktakar ehf  
Marver ehf  
TG raf ehf  
Vélsmiðja Grindavíkur ehf  
Visir hf  
Þorbjörn hf

## **Sandgerði**

Bátasmiðjan Sólplast  
Verslunarfélagið Ábót

## **Garður**

GSE ehf  
Völundarhús ehf

## **Mosfellsbær**

Álguggar JG ehf  
Boltís sf  
Byggingarfélagið Jörð ehf  
Fagverk verktakar sf  
Fasteignasala Mosfellsbæjar ehf  
Gylfi Guðjónsson, ökukenndari s: 6960042  
Hestaleigan Laxnesi  
Matfugl ehf  
Múrefni ehf  
Nonni litli ehf  
Spíssar ehf - stíflþjónusta  
Vélsmiðjan Sveinn ehf

## **Akranes**

Bífreiðastöð Þórðar Þ. Þórðarsonar  
Fasteignasalan Valfell,  
Kirkjubraut og Borgartúni Rvk.  
Galito veitingastaður  
Smurstöð Akraness sf  
Spölnur ehf-Hvalfjarðargöng  
Stapavík ehf  
Vélaleiga Halldórs Sigurðssonar ehf  
Viðar Einarsson ökukenndi ehf  
Ylur pípulagnþjónusta sf

## **Borgarnes**

Borgarverk  
Dýralæknaþjónusta Vesturlands ehf  
Ensku húsin gistiheimili við Langá  
Eyja- og Miklaholtshreppur, Snæfellsnesi  
Golfklúbbur Borgarness

Kaupfélag Borgfirðinga  
Lögfræðistofa Inga Tryggvasonar  
Samtök sveitarfélaga  
í Vesturlandskjördæmi  
Sigur-garðar sf

## **Stykkishólmur**

Narfeyri ehf

## **Grundarfjörður**

Þjónustustofan ehf

## **Ólafsvík**

Þrif og þjónusta ehf

## **Hellissandur**

Esjar ehf  
KG Fiskverkun ehf  
Snæfellsbær

## **Reykholahreppur**

Þörungaverksmiðjan hf

## **Ísafjörður**

Akstur og löndun ehf  
Fræðslumiðstöð Vestfjarða  
Hafnarbúðin  
Ísblikk ehf  
Lögreglustjórnin á Vestfjörðum  
Póllinn ehf  
Þrymur hf, vélsmiðja

## **Bolungarvík**

Flugrúta Bolungarvík-Ísafjörður

## **Patreksfjörður**

Oddi hf, fiskvinnsla-útgerð  
Verslunin - bakaríið Albína

## **Tálknafjörður**

T.V. Verk ehf  
Trans Atlantic ehf - ferðaskrifstofa

## **Staður**

SG verkstæði ehf

## **Blönduós**

Átak ehf  
Gistiheimilið Kiljan ehf  
Húnavatnshreppur  
Samstaða, skrifstofa verkalyðsfélaga

## **Skagaströnd**

Sjávarlíftækni- og BioPol ehf

## **Sauðárkrókur**

Efnalaug og þvottahús  
K-Tak ehf

## **Varmahlíð**

Akrahreppur Skagafirði

## **Akureyri**

ÁK smíði ehf  
Ásbyrgi - Flóra ehf  
Bífreiðastöð Oddeyrar ehf  
Blikk- og tækniþjónustan ehf  
Dexta orkutæknilausnir ehf  
Hagvís ehf  
Hnýfill ehf  
Höldur ehf, bílaleiga  
Jafnréttisstofa  
Kraftbílur ehf  
Meðferðarheimilið Laugalandi  
Miðstöð ehf  
Möl og sandur  
Rafmenn ehf  
Raftákn ehf - Verkfræðistofa  
Rakara- og hárstofan Kaupangi  
Sjómannaþlaðið Víkingur  
Timbra ehf, byggingarverktaki

## **Dalvík**

Klaufi ehf  
Steypustöðin Dalvík ehf

## **Ólafsfjörður**

Skiltagerð Norðurlands ehf

## **Húsavík**

Gistiheimilið Sigtún ehf-www.gsigtun.is  
Steinsteypir ehf  
Veiðibúðin Hlað ehf

## **Mývatn**

Dimmuborgir guesthouse

## **Þórshöfn**

B.J. vinnuvélar ehf  
Geir ehf

## **Egilsstaðir**

Bílamálun Egilsstöðum ehf  
Bókráð, bókhald og ráðgjöf ehf  
Gistihúsið - Lake Hotel Egilsstaðir  
Hitaveita Egilsstaða og Fella ehf  
Rafey ehf  
Vaðall ehf



*Aðgerðarstöð Almannavarna á höfuborgarsvæðinu að störfum. Myndin er tekin þegar flugslysæfing var í október, hin fyrsta þar var verið að slá saman vinnu manna í aðgerðarstöðinni og úti á vettvangi. Nedri myndin er frá rútuslysinu sem varð nýlega. Þá var aðgerðarstöðin virkjuð og þótti öll samhæfingavinna takast vel. Ljós. Júlíus Sigurðsson.*





## Polistidningen 05/2016

Lögreglan í Frakklandi hefur, síðan í janúar 2016, handtekið 300 meinta hryðjuverkamenn innan Frakklands skv. upplýsingum sem Bernard Cazeneuve, innanríkisráðherra gaf út opinberlega í byrjun september.

Dansk Politi 11.05.2016 (vefútgáfa)

## Lögregluumdæmi í vanda vegna mikilla veikinda

Í lögregluumdæmunum á suður Sjálandi og Lolland-Falster hefur orðið 40% aukning á veikindum frá árinu 2013. Kaj Rasmussen formaður lögreglufélagsins á svæðinu er ekki í vafa um að stór hluti ástæðu veikindanna er vegna þess gríðarlega álags sem er og hefur verið á lögregluhöfðingjum um langa hríð og hefur ollið því að lögregluhöfðingjum finnst þeir hvorki standa sig í vinnu eða gagnvart fjölskyldum sínum.



## Polisförbundet – heimasíða

Sex af hverjum tíu lögregluhöfðingjum í Svíþjóð upplifa það sem svo að lögreglan hafi sinnt hlutverkum sínum s.l. sumar verr en áður. Aðeins um eitt prósent lögregluhöfðingja telja að ástandið hafi batnað í lögreglu.

Gríðarlegu vinnuálagi er hér um að kenna og tveir af hverjum þremur lögregluhöfðingjum segja vinnuálagið s.l. sumar hafa verið mun meira en á undanförunum árum.

Þetta er meðal þess sem fram kemur í nýlegri könnun sem unnin var fyrir Landssamband sænskra lögregluhöfðingja.

<http://www.polisforbundet.se/blog/2016/09/01/bara-en-procent-av-poliserna-tycker-att-sommaren-klarades-bättre-an-vanligt/>

Dansk Politi 08.09.2016 (vefútgáfa)

## Yfirstjórn lögreglunnar hefur sett danskt samfélag í stórhættu

Lögreglan í Danmörku er undir gríðarlegu álagi sem ekkert útlit er fyrir að skáni neitt á næstunni. Carsten Weber formaður lögreglufélagsins á suðaustur Jótlandi er dapur yfir ástandinu f.h. félaga sinn. Hann undrar sig á því að yfirstjórn lögreglunnar skuli ekki hafa áttað sig á þeirri staðreynd að það sárlega vantar lögregluhöfðingjum til starfa. Hann segir að staðan sé sú að bæði lögregluhöfðingjum og borgararnir séu settir í stórhættu vegna aðgerðarleysis yfirstjórnar löggæslumála.

Polistidningen 09.08.2016 (vefútgáfa)

## Skýrsla um djúpstæðan samskiptavanda innan lögreglunnar

„Ég vara alla nýja lögregluhöfðingjum við því að segja það sem þeim finnst þar sem það mun koma þeim í koll. Gerið ekki sömu mistök og ég hef gert, því þá á maður hreinlega á hættu að verða rekinn. Það er sorglegt að maður skuli þurfa að aðvara nýja lögregluhöfðingjum með þessum hætti en þeirra vegna geri ég það.“ – lögregluhöfðingur á austur Gotlandi.

Þannig segir lögregluhöfðingur frá í nýlegri skýrslu sem unnin var af Dr. Malin Wieslander um það sem innan sænsku lögreglunnar hefur verið kallað „Hin talandi þögn.“ (s. Den Talande Tystnaden - Utvärdering om anställdas uttrycksförmågor i polisområde Östergötland).



Dansk Politi 03.10.2016 (vefútgáfa)

Að morgni mánudagsins 3. október var stór flutningsdagur hjá lögreglunni á Fjóni og íbúar þar vöknudu upp við nýjan veruleika. Fjórum lögregluhöfðingjum hefur verið lokað og framvegis verður löggæsla eingöngu sinnt frá Svendborg og Óðinsvéum. Þetta er afleiðing skipulagsbreytinga í lögreglu sem gera ráð fyrir færri lögregluhöfðingjum á Fjóni á komandi árum.

Politiforum 23.10.2016 (vefútgáfa)

Fyrir fólk á landsbyggðinni er það engin huggun að lögreglan almennt nái uppgefnum viðbragðstímum sínum vegna útkalla þar sem það er engin trygging fyrir því að lögreglan nái tímanlega á vettvang utan þéttbýlisstaða.



# Þrír á dag!



*Grein þessi, sem Lena Nitz, formaður Landssambands samskra lögreglumanna skrifaði, er þýdd úr sænsku en hún birtist í netútgáfu Svenska Dagbladet þann 18. september s.l.*



*Um þrír lögreglumenn hafa sagt lausum störfum sínum hvern einasta dag það sem af er ári. Haldi þessi þróun áfram, sem horfir, má reikna með að fimmtungur allra lögreglumanna hafi hætt störfum árið 2020.*

*Hvernig á lögreglan að geta sinnt verkefnum sínum?*

Nú þarf leiðtoga til að efla samheldni og drifkraft í annars sundurtætri lögreglu. En þess í stað mæta lögreglumenn yfirstjórnnum sem þeim sýnist eiga í stórum vandræðum með að hlusta á raddir lögreglumanna með það sem raunverulega er að gerast í lögreglunni.

Sænsk lögregla stendur frammi fyrir stóru vandamáli. Sá mönnunarvandi sem við höfum verið að benda á í langan tíma heldur áfram að magnast. Sænska landssambandið er ekki lengur eitt um að sjá þetta vandamál. Fjöldinn allur af lögreglumönnum, sérfræðingum, pólitíkusum, stofnunum, blaðamönnum og almennum borgurum hafa s.l. hálf tveimur árum eða svo ítrekað skrifað um þær afleiðingar sem mönnunarvandinn í getur leitt af sér. Það er löngu orðið tímabært að Dan Eliasson, ríkislögreglustjóri og Anders Ygeman, innanríkisráðgjafi fari að gera sér grein fyrir vandanum.

Um þrír lögreglumenn hafa sagt lausum störfum sínum hvern einasta dag það sem af er ári. Haldi þessi þróun áfram, sem horfir, má reikna með að fimmtungur allra lögreglumanna hafi hætt störfum árið 2020. Þessir lögreglumenn skilja eftir skörð í þegar undimönnuðu liði og álagið á þá sem eftir eru eykst til mikilla muna. Eitt slíkt dæmi er að finna í aðallögreglustöðinni í Umeå. Þeir u.þ.b. 120 sem þar

starfa hafa einir og sér staðið yfir sjö þúsund klukkustundir í yfirvinnu. Þetta gerir nálægt hvorki meira né minna en eina og hálfu viku í hreinni yfirvinnu á hvern starfsmann fyrstu sjö mánuði ársins.

Spurningin núna snýst í raun um það hvort mannekjan í lögreglu sé orðin þannig að það sé ekki lengur víst að lögreglan hafi tök á því að sinna óskum borgaranna um aðstoð þegar hringt er í 112. Þeir sem eru nokkuð vissir um að staðan sé í raun orðin þessi eru lögreglumennirnir sjálfir. Lögreglan neyðist jafnvel til að forgangsraða neyðarútköllum og jafnvel ekki sinna einhverjum þeirra. Lögreglumenn um allt land tala um það að þeirra eigin tiltrú á réttarvörslukerfið sé í raun hrúnin þar sem alltof mikill tími lögreglumanna hefur farið frá því að sinna eiginlegum löggæsluverkefnum í allskyns innri stjórnsýslu. Bilið á milli lögreglu og fólksins í landinu eykst.

Þegar við spurðum félagsmenn okkar gáfu níu af hverjum tíu þau svör að þær skipulagsbreytingar sem unnið hefði verið að og framkvæmdar á lögreglunni í Svíþjóð hefðu ekki leitt til þess að sýnileiki lögreglu hefði aukist í samfélaginu. Formaður sambands sveitarfélaga í Svíþjóð segir t.d. að einungis tveir af hverjum tíu bæjar- og sveitarstjórnun hafi svarað því til að sýnileiki lögreglu hefði aukist við skipulagsbreytingarnar. Sveitarstjórnin í Åkersberga hefur sem dæmi þurft að kaupa til sín vöktun öryggisþjónustufyrirtækis vegna þeirrar manneklu sem er í lög-

reglu og skorti á þjónustu lögreglunnar. Sveitarstjórnir frá Strömsund í norðri til Helsingborg í suðri hafa t.a.m. sent Anders Ygeman innanríkisráðgjafi bréf þar sem þær kröfðust þess að fá til starfa í sveitarfélögum þá lögreglumenn sem lofað var að þangað kæmu í kjölfar skipulagsbreytinganna.

En það er ekki bara bilið á milli lögreglu og borgaranna sem hefur aukist. Gjáin á milli lögreglumanna og yfirstjórnar lögreglunnar með Dan Eliasson, ríkislögreglustjóra í brúnni hefur einnig aukist. Krafan um afsögn ríkislögreglustjórans eykst dag frá degi og ekki bara frá lögreglumönnum heldur einnig almenningi. Staðan er nefnilega sú að þegar lögreglan þarf á virkilega sterkum leiðtogum að halda til að efla samheldni og drifkraft í annars sundurtætri lögreglu mæta lögreglumenn þess í stað yfirstjórnnum sem þeim sýnist eiga í stórum vandræðum með að hlusta á það sem raunverulega er að gerast í lögreglunni.

Landssambandið hefur ítrekað varað við þeirri manneklu sem hefur verið að magnast upp í lögreglunni. Við höfum einnig, frá byrjun, bent á lausnir við þessum yfirstandandi vanda. Það er jákvætt að Dan Eliasson vill efla og styrkja samvinnuna við Landssambandið. Til, hinsvegar, að hægt sé að taka það trúanlegt verður að fara fram á það að efnidir fylgi orðum og að spurningin um það hvernig skipuleggja eigi lögregluna eigi sér stað í samræðum milli aðila. Það eru nefnilega þrjú atriði sem þarf að skoða í þessu samhengi og finna lausnir á; 1. Laun lögreglumanna, 2. Að sýnileiki lögreglu verði aukinn og 3. Að lögreglumenn fái að sinna löggæslu.

## 1. Laun lögreglumanna

Í könnun sem við gerðum meðal félagsmanna okkar kom fram að þrír af hverjum fjórum lögreglumönnum höfðu íhugað það að segja störfum sínum lausum á s.l. sex mánuðum. Nálægt níu af hverjum tíu gáfu alltof lág laun sem ástæðu þess að þeir höfðu hugsað sér að hætta í lögreglunni. Það þarf því að hækka verulega laun lögreglumanna og endurskoða launasetninguna! Það er jákvætt að við horfum sömu augum á laun lögreglumanna og Dan Eliasson og þá staðreynd að það þurfi að hækka þau verulega og við höfðum jafnvel vonast eftir því að stjórnvöld hefðu líka áttað sig á þessari staðreynd. Þegar ljóst er að stjórnvöld átta sig ekki á vandanum sem við blasir er nauðsynlegt fyrsta skref að gera sér grein fyrir því að þær 770 milljónir (SEK) sem ætlaðar eru sem aukin framlög til löggæslu muni ekki skila sér í hærri launum lögreglumanna. Breytt launasetning lögreglumanna mun klárlega skila sér í betri löggæslu, verða til þess að reyndir lögreglumenn halda áfram störfum og dregur aftur til starfa þá sem þegar hafa hætt störfum í lögreglunni vegna lélegra launa. Gerist þetta ekki hegðar Dan Eliasson sér með sama hætti og stjórnvöld og veltir vandanum á undan sér inn í framtíðina. Til að snúa þessum vanda sænsku lögreglunnar við þarf að bregðast við strax en ekki bíða nýrra fjárlaga.

## 2. Aukinn sýnileiki

Lögregla framtíðarinnar þarf að taka mið af aðstæðum hverju sinni og á hverjum stað fyrir sig auk þess að taka tillit til afbrotapróunar en stjórnun hennar þarf að vera í nærumhverfinu. Við höfum alla tíð verið fylgjandi hugmyndinni um eina lögreglu en hún þarf þá að vera sameinuð. Sú toppstýring hins-



vegar og miðstýring sem orðið hefur í lögreglunni þegar kemur að ákvarðanatöku og björgum lögreglu dregur úr slagkrafti og samvinnu einstakra lögreglu-liða um landið. Þetta hefur leitt það af sér að færri lögreglumenn eru nú úti á meðal borgaranna. Þessu þarf að breyta og auka við stjórnunarheimildir og ákvarðanatökurétt einstakra lögreglustjóra og þeirra næstráðenda. Þeir verða að fá auknari heimildir til launastýringar í nærumhverfi sínu sem og til nýtingar þess mannafla sem þeir hafa yfir að ráða hverju sinni. Látið nærumhverfið stjórna en þannig verður hægt að auka við sýnileika lögreglunnar.

## 3. Lögreglumenn sinni löggæslu

Hinni miklu aukningu í innri stjórnsýslu lögreglunnar – ekki hvað sýst hjá stjórnendum í lögreglunni – verður að draga úr, þ.a. hægt verði að fara að sinna raunverulegri löggæslu og þar með bæta vinnulag og reglur lögreglunnar þ.a. hún geti sinnt störfum sínum. Það sem hægt er og þarf að gera strax er að fjölga millistjórnendum, sem hafa raunveruleg völd til að taka ákvarðanir og stjórna þ.a. þeir sem eru í efri stjórnunarlögum embættanna geti einbeitt sér að því að sinna leiðtogahlutverkum sínum. Þá þarf að koma aftur á umboðsmanni stjórnenda sem getur komið fram með raunverulegar og nauðsynlegar ábendingar til stjórnvalda þ.a. hægt sé að bæta þjónustu lögreglunnar. Viðurkenna þarf faglegheit lögreglunnar sem slíkrar og taka á þeim af alvöru þ.a. lögreglan geti sem slík sinnt hlutverki sínu í stað þess að sökkva æ dýpra ofan í kviksyndi innri stjórnsýslu hverskonar.

Dan Eliasson, ríkislögreglustjóri, var gestur á landsþingi Landssambands samskra lögreglumanna, sem haldið var í september s.l. Á þinginu gerðu lögreglumenn honum það ljóst að hann gæti ekki komið á þeim umbótum og byggt upp þá góðu lögreglu sem stjórnvöld hafa lýst yfir að þau vilji nema hann hafi stéttina á bak við sig í þeim breytingum. Jafnframt var honum gert það ljóst að stór hluti af lausn þess vanda sem lögreglan í Svíþjóð væri fólgin í betri launakjörum og það væri hlutverk hans, sem ædsta yfirmanns lögreglunnar að vinna í því að bæta þau ásamt því að koma á raunverulegum samræðum við forvígismenn lögreglumanna. Það væri enda ljóst að án samráðs og samvinnu við stéttarfélag lögreglumanna væri útilokað að komast úr þeirri krísi sem sænsk lögregla stæði frammi fyrir og byggja upp sterka og faglega lögreglu.



*Spurningin núna snýst í raun um það hvort mannekjan í lögreglu sé orðin þannig að það sé ekki lengur víst að lögreglan hafi tök á því að sinna óskum borgaranna um aðstoð þegar hringt er í 112. Þeir sem eru nokkuð vissir um að staðan sé í raun orðin þessi eru lögreglumennirnir sjálfir.*



## Fundir lífeyrisþegadeildar

LL haust 2016 – vor 2017  
í Brautarholti 30, kl. 10.00

**4. október,**  
Snorri Magnússon kemur og fer yfir breytingar á Lífeyrissjóðnum.

**1. nóvember.**  
Desember þá er kaffi hjá lögreglustjóra kl. 10 úti á stöð. (Bréf kemur seinna)

**7. febrúar,**  
aðalfundur

**7. mars,**  
fulltrúar frá Lífeyrissjóð og Tryggingastofnun koma og fara yfir réttindi lífeyrisþega LL.



## Ferð lífeyrisþegadeildar LL 2016

Að þessu sinni var farið um Vesturland. Lagt var af stað frá Perlunni og ekið upp í Hvalfjörð. Þórunn Lárusdóttir leiddi hópinn í kringum Meðalfellsvatn en þar voru hennar æskulóðir. Við Hvammsvík kom Arnheiður Hjörleifsdóttir á Bjarneyjarsandi inn í rútuna og ekið var að Saurbæjarkirkju. Þar tók sóknarpresturinn við og fræddi hópinn um sögu staðarins og kirkjuna. Arnheiður bauð upp á súpu á Bjarneyjarsandi en þar er verið að byggja upp ferðaþjónustu. Börnin á bænum tóku sig til og sýndu fimleika og sungu fyrir gestina öllum til mikillar ánægju.

Þá var Hernámssafnið að Hlöðum heimsótt en þar ræður ríkjum Guðjón Sigmundsson, Gaui litli. Fræddi hann hópinn um sögu hernámsins og safnið

Frá Hernámssafninu var ekið að bjórverksmiðjunni Steðja í Borgarfirði hvar hinn frægi hvalabjór var bruggaður. Þar er verið að framleiða og gera tilraunir með ýmsar bragðtegundir af bjór og gafst ferðamönnum færi á að smakka á framleiðslunni.

Næsti áfangastaður var veiðisafnið í Ferjukoti. Bílstjórinn sem var af erlendu bergi brotinn átti ekki í neinum vandræðum með að þræða gömlu Hvítárbrúna þótt hann hafi aldrei komið þar áður. Við Ferjukot, sem eins og nafnið gefur til kynna var áður ferjustaður yfir Hvítá, er gamli söluskálinn eins og hann var og ekki síður minjar um hvernig laxinn var veiddur og unninn hér á árum áður.

Ferðin lenti á sama degi og úrslitaleikur í HM og voru ýmsir spenntir að ná síðari hálfleiknum í Munaðarnesi.

Veðrið var búið að vera með eindæmum gott allan daginn svo ekki var síðra að sitja úti og njóta sólarinnar fyrir þá sem vildu það frekar en horfa á sparkleikinn. Í Munaðarnesi var borinn fram mikill og góður matur. Hjalti Sigurðsson brást ekki með kveðskapinn og að málsverði loknum var haldið heim á leið.





Úti fyrir Kalmar, á austurströnd Svíþjóðar, liggur eyja nokkur sem heitir Öland. Þar búa rétt rúmlega 25.000 manns. Engin lögreglustöð er á eyjunni, sem er föst við meginlandið með brú. Öland er 1342 ferkílómetrar að stærð. Lengst er hún 127 km og breiðust 16 km.



# Lögreglan talar um aukinn sýnileika en er á sama tíma ekki til staðar



Úti fyrir Kalmar, á austurströnd Svíþjóðar, liggur eyja nokkur sem heitir Öland. Þar búa rétt rúmlega 25.000 manns. Engin lögreglustöð er á eyjunni, sem er föst við meginlandið með brú. Öland er 1342 ferkílómetrar að stærð. Lengst er hún 127 km og breiðust 16 km.

Í leiðara Ölands bladet þann 2. júlí 2016 var sérstaklega fjallað um þessa staðreynd í ljósi loforða sænskra stjórnvalda, í kjölfar skipulagsbreytinga á lögreglu, að með þeim yrði sýnileiki lögreglu mun meiri en hann hafði áður verið.

Það er margt líkt í því sem fram kemur í þessum leiðara Ölands bladet og því sem er og hefur verið að gerast í löggæslumálum á Íslandi undanfarnar ár og berlega hefur verið fjallað um í fjölmiðlum undanfarnar vikur og misseri. Þessi þróun hefur reyndar verið að gerast með nánast sama hætti á öllum Norðurlöndunum frá skipulagsbreytingum sem farið var af stað með, svo til á sama tíma í öllum löndunum, árið 2007.

Leiðarinn, sem skrifaður er af Kenth Jönsson, er svohljóðandi, snaraður úr sænsku, með leyfi Kenth:

„Á miðvikudaginn [29. júní] bárust tvöföld skilaboð frá lögreglunni; að hluta til voru þau að lögreglan byrjaði með færanlega lögreglustöð sína á norðurhluta eyjarinnar og að hinum hlutanum til lá það fyrir að um þessa helgi yrði engin löggæsla á eyinni.

Það að þessi færanlega lögreglustöð muni verða í eyinni á miðvikudögum í sumar er mjög gott mál.

Eins og lögreglan segir sjálf þá eykur þetta sýnileika lögreglu og eflir öryggistilfinningu.

En sýnileiki og öryggistilfinning gleymast hinsvegar þegar myrkríð færirst yfir.

Af óskiljanlegum ástæðum hefur lögreglan ákveðið að vera ekki með neitt eftirlit í eyinni



að næturlagi um þessa helgi.

Þetta gerist þrátt fyrir það að íbúaföldi eyjarinnar eykst það mikið að hann verður á pari við Malmö [tæplega 325.000 manns].

Nú getur maður ekki sett til jafns fjölda brota í Malmö við það sem gerist á Öland en hugsíð bara hugsunina til enda ef engin löggæsla væri í Malmö að næturlagi um helgar. Lögreglan gæti bara sinnt löggæslu þar frá Kristianstad í staðinn.

Í besta falli er að jafnaði ein lögreglubifreið við eftirlitsstörf í Kalmar – hún gæti að vísu líka verið stödd Mönsterås... – ef vera kynni að útkall hefði borist frá Köpingsvik.

Það er jú, undir venjulegum kringumstæðum, um ansi langan veg að fara svo ekki sé talað um viðbótartafir ef einhver á húsbílnum sínum er á ferðinni á sama tíma að kvöldlagi.

Það gæti svo að sjálfsgöðu verið svo líka að lögreglan væri stödd í eftirliti á suðurhluta

Öland á sama tíma og tilkynning berst um hjálp á norðurhluta eyjarinnar.

Sú staðreynd að engin lögregla er að staðaldrí í eyinni er ekki í neinu sambengi við þann aukna sýnileika og öryggistilfinningu sem lögreglan talar sig hása um í öðru sambengi.

Lögreglubifreið við eftirlitsstörf, ekki sist að kvöld og næturlagi, er langt í frá of mikið í lagt, sér í lagi þegar horft er til þeirra daga þegar íbúaföldi eyjarinnar margfaldest. Það að það þurfi að forgangsraða er vel skiljanlegt en það er erfitt að átta sig á því að það skuli gerast gagnvart Öland með þessum hætti.”

Þeir lesendur, sem sleipir eru í sænskunni, geta lesið leiðarann á heimasíðu Ölands bladet: <http://www.olandsbladet.se/asikter/polisen-talar-om-narvaro-men-ar-franvarande/>

**FORTIS**  
Lögmannsstofa

Gylfi Thorlacius hrl.  
Svala Thorlacius hrl.  
S. Sif Thorlacius hdl.  
Kristján B. Thorlacius hrl.  
Guðmundur Ómar Hafsteinsson hrl.



**112**  
NEYÐARNÚMERIÐ  
Í 20 ÁR

Landsmót lögreglumanna í golfi var haldið 5. ágúst 2016 í Grafarholtinu í blíðskaparveðri og völlum skartaði sínu feegursta. 36 kylfingar skráðu sig til leiks í 6 flokkum

## A flokkur Höggleikur, fjöldi keppenda 4.

Keppnin í A flokki var spennandi til að byrja með en 15. brautin reyndist tveim kylfingum í A flokki erfið þannig að skorið fór í tveggja stafa tölu hjá þeim Friðriki og Birgi. Þar skildu leiðir og Sigurður Pétursson sigldi sigrinum örugglega í höfn og er því Íslands meistari lögreglumanna í golfi 2016

1.sæti	Sigurður Pétursson	73 högg
2.sæti	Friðrik K. Jónsson	81 högg
3. sæti	Birgir Mór Vigfússon	87 högg

## B- flokkur, punktkeppni, forgjör 10,0-18,4. Fjöldi keppenda 9

Keppni um fyrsta sæti í B flokki var ansi jöfn, þeir voru jafnir að punktum, jafnir að punktum á seinni níu, jafnir á puntum á síðustu sex holunum og úrslit réðust ekki fyrr en litið var til síðustu þriggja holana þar var Guðbrandur með einum punkt meira en Vignir. Gubrandur sigraði því B flokkinn.

1.sæti	Guðbrandur Hansson	36 punktar
2.sæti	Vignir Elísson	36 punktar
3.sæti	Róbert Sigurðarson	30 punktar



Frá vinstri Óskar H. Þórmundsson, Óskar Þór Sigurðsson, Börkur Skúlason og Sigurður Benjamínsson.

## C- flokkur, punktkeppni, forgjör 18,5-27,4. Fjöldi keppenda 7

Tveir kylfingar voru jafnir með 32 punkta, til að finna út sigurvera þá þurfti að kanna hvor væri með fleiri punkta á seinni níu holunum. Hinrik reyndist hafa fengið 14 punkta en Þórður Rúnar 12 þannig að Hinrik sigraði C flokkinn

1.sæti	Hinrik Geir Jónsson	32 punktar
2.sæti	Þórður Rúnar Jakob	32 punktar
3.sæti	Andri Fannar Helgason	26 punktar

## D - flokkur, punktkeppni, forgjör 27,5-36,0

Aðeins einn keppandi skráði sig til leiks í D flokki Víðir Reynisson með 14 punkta

## Öldungaflokkur +50 ára, punktkeppni. Fjöldi keppenda 7

7 kylfingar voru skráðir til leiks í öldungaflokki úrslit urðu sem hér segir:

1.sæti	Valgarð Valgarðsson	33 punktar
2.sæti	Páll Briem Magnússon	27 punktar
3.sæti	Guðmundur Baldursson	25 punktar

## Heldri manna flokkur, punktkeppni, leikið af rauðum teigum fjöldi keppenda 7

Ágætis mæting var hjá lögreglumönnum á eftirlaunum í flokki heldri manna, svo fór

að Sigurður Benjamínsson sigraði fékk tveim punktum meira en Óskar Þór

1.sæti	Sigurður Benjamínsson	37 punktar
2.sæti	Óskar Þór Sigurðsson	35 punktar
3.sæti	Óskar H. Þórmundsson	27 punktar

## Sveitakeppni

- A sveit LSS, 256 högg. Friðrik K. Jónsson, Marínó Mór Magnússon og Vignir Elísson
- A sveit LRH, 260 högg. Sigurður Pétursson, Guðbrandur Hansson og Friðrik S. Björgvinsson
- B sveit LRH, 292 högg. Ásbjörn Stefánsson, Guðni Páll Kristjánsson og Jóhann Karl Þórisson

## Nándarverðlaun voru veitt á þar 3 holum

- 2. braut Marínó Mór Magnússon
  - 6. braut Guðbrandur Hansson
  - 11. braut Sigurður Pétursson
  - 17. braut, enginn kylfingur hitti flötina
- Eftir verðlaunaafhendingum tilkynnti Óskar Bjartmarz að landsmót að ári verði haldið á Suðurnesjum.

Fyrir hönd Golfklúbbs lögreglunnar GLR vil ég þakka þeim Oddi Ólafssyni og Róberti Þór Guðmundssyni fyrir undirbúning og vinnu við framkvæmd mótsins



Heldrimannaflokkur frá vinstri Óskar Þór Sigurðsson og Sigurður Benjamínsson. Á myndina vantar Óskar H. Þórmundsson.



B flokkur frá vinstri Vignir Elísson og Guðbrandur Hansson. Á myndina vantar Róbert Sigurðarson.

Kylfingum þakka ég fyrir þátttökuna sjáumst í næsta landsmóti á Suðurnesjum næsta sumar.

Jóhann Karl formaður GLR



A flokkur. Frá vinstri Birgir Mór Vigfússon, Sigurður Pétursson og Friðrik K. Jónsson.



Öldungaflokkur frá vinstri Valgarð Valgarðsson og Guðmundur Baldursson. Á myndina vantar Pál Briem Magnússon.



C flokkur frá vinstri Þórður Rúnar Jakob Halldórsson, Hinrik Geir Jónsson og Andri Fannar Helgason.



D flokkur Víðir Reynisson ásamt Jóhanni Karli Þórisssyni formanni GLR



# Eftirtaldir aðilar óska lögreglumönnum velfarnadar í starfi

## Seyðisfjörður

Seyðisfjarðarkaupstaður

## Reyðarfjörður

Félag opinberra starfsmanna á Austurlandi  
Stjórnendafélag Austurlands  
Tærgesen, veitinga- og gistihús

## Eskifjörður

Egersund Ísland ehf  
Fjarðarpríf ehf  
Rafmagnsverkstæði Andrésar ehf

## Neskaupstaður

Haki ehf verkstæði  
Síldarvinnslan hf

## Fáskrúðsfjörður

Kaffi Sumarlína ehf  
Vöggur ehf

## Stöðvarfjörður

Brekkan - Verslun og veitingastofa

## Höfn í Hornafirði

Gistiheimilið Hafnarnesi-www.hafnarnes.is,  
s: 844 6175  
Jökulsárlón ferðabjónusta ehf  
Rósaberg ehf  
Vélsmiðjan Foss ehf  
Pingvað ehf, byggingaverktakar  
Prastarhóll ehf

## Selfoss

Báran stéttarfélag  
Bifreiðaverkstæðið Klettur ehf

Bílabjónusta Péturs ehf

Bílverk BÁ ehf, bílamálun og bílaréttingar

Bjarnabúð

Búhnykkur sf

Fossvélar ehf

Hótel Geysir

Hótel Gullfoss

Karl R. Guðmundsson ehf

Leigubílar Suðurlands ehf

Máttur sjúkrabjálfun ehf

Orkugerðin ehf

Pylsuvagninn Selfossi við brúarendann

Reykjól ehf

Vélaverkstæði Þóris ehf

X5 ehf

## Hveragerði

Heilsustofnun NLF-[www.heilsustofnun.is](http://www.heilsustofnun.is)

Hótel Ör

Jón Þórisson ehf

Landkraft

Raftaug ehf

## Þorlákshöfn

Frostfiskur ehf

Landsbanki Íslands

Sveitarfélagið Ölfus

## Ölfus

Dýralæknaþjónusta Suðurlands

Eldhestar ehf

Garpar ehf

## Laugarvatn

Ásvélar ehf

## Flúðir

Áhaldahúsið Steðji

Flúðasveppir ehf

Flúðaverktakar ehf

Gröfutækni ehf

## Hella

Bílaverkstæðið Rauðalæk ehf

Freyðing ehf

Kanslarinn veitingahús

## Hvolsvöllur

Ferðabjónustan Hellishólum ehf

Sögusetrið Hvolsvelli-[www.njala.is](http://www.njala.is)

Torf túnþökuvinnsla ehf

## Kirkjubæjarklaustur

Hótel Laki

Icelandair Hótel Klaustur

## Vestmannaeyjar

Hótel Vestmannaeyjar

Lífeyrissjóður Vestmannaeyja

Ós ehf



**nettó**  
Ódýrt fyrir heimilið!

**SECURITAS**

**66°**  
NORÐUR

**SJÓVÁ**

SIJUKRABJÁLFUN ÍSLANDS

**SLÖKKVILIB**  
HÖFUDBORGARSVÆDISINS

**Staki**

**stapaprent**  
Prentþjónusta

Sími 421 4388  
Netfang [stapaprent@simnet.is](mailto:stapaprent@simnet.is)

# Holukeppni ÍSL 2016



18 kylfingar skráðu sig til leiks, því þurfti tvo leiki í forkeppni. Fjórir forgjafarhæstu voru dregnir saman. Tveir af þeim voru hér fyrir sunnan og tveir fyrir norðan.

## Fyrir sunnan spiluðu

Gísli I. Þorsteinsson og Guðjón R. Sveinsson.  
Gísli vann 4/3.

## Fyrir norðan spiluðu

Jóakim Júlíusson og Kristján Kristjánsson.  
Jóakim vann 1/0.

1. umferð, sex leikir fóru fram fyrir sunnan og tveir leikir fyrir norðan.

## Fyrir sunnan

### Leikur 1

Birgir Már Vigfússon og Óskar Halldórsson.  
Óskar vann 2/1.

### Leikur 2

Gísli I. Þorsteinsson og Ásbjörn Stefánsson.  
Ásbjörn vann 6/4.

### Leikur 3

Annel J. Þorkelsson og Hinrik Geir Jónsson.  
Hinrik vann, dregið um sigurvegara.

### Leikur 4

Aldís Hilmarsdóttir og Róbert Sigurðarson.  
Aldís vann 2/1.

### Leikur 5

Friðrik K. Jónsson og Róbert Þór Guðmundsson.  
Róbert gaf leikinn.

### Leikur 6

Sveinn Ægir Árnason og Jóhann Karl Þórisson.  
Jóhann Karl vann 3/2.



Holukeppnin frá vinstri Sigurbjörn Þorbjörnsson og Friðrik K. Jónsson.

## Fyrir norðan

### Leikur 1

Sigurbjörn Þorgeirsson og Jóakim Júlíusson.  
Jóakim gaf leikinn.

### Leikur 2

Ólafur Hjörtur Ólafsson og Valur Magnússon.  
Valur vann 2/1.

## 2. umferð

### Leikur 1

Ásbjörn Stefánsson og Friðrik K. Jónsson.  
Ásbjörn vann, dregið um sigurvegara en hann gat ekki mætt í undanúrslitin og því var Friðrik boðaður í staðinn.

### Leikur 2

Aldís Hilmarsdóttir og Valur Magnússon.  
Valur gaf leikinn.

### Leikur 3

Jóhann Karl Þórisson og Sigurbjörn Þorgeirsson.  
Sigurbjörn vann 3/2.

### Leikur 4

Óskar Halldórsson og Hinrik Geir Jónsson.  
Hinrik gaf leikinn.

## Undanúrslit og úrslit

fóru fram á Urriðavelli við Heiðmörk mánudaginn 12. september.

## Undanúrslit:

Óskar Halldórsson og Sigurbjörn Þorgeirsson.  
Sigurbjörn sigraði 3/2.

Friðrik K. Jónsson og Aldís Hilmarsdóttir.  
Friðrik sigraði 4/3.

## Leikur um þriðja sæti:

Aldís Hilmarsdóttir og Óskar Halldórsson.  
Óskar sigraði 4/3.


## Úrslita leikur:

Sigurbjörn Þorgeirsson og Friðrik K. Jónsson.

## Sigurbjörn sigraði í bráðaana á 19 holu.

en þeir voru jafnir eftir 18 holar. Sigurbjörn Þorgeirsson Ólafsfirði holumeistari ÍSL 2016.

Jóhann Karl Þórisson ritari ÍSL



Aldís Hilmarsdóttir og Friðrik K. Jónsson.



Óskar Halldórsson og Sigurbjörn Þorgeirsson.



Skotmótið Kristína á æfingu.

Fór fram í Tallin í Eistlandi 15. – 19. september s.l. Nú hafa norðurlandamótin ekki lengur skammstöfunina NPM heldur NPC þar sem lög og reglur eru nú allar á ensku eftir innkomu Eistlendinga í norræna sambandið.

Íþróttasamband Lögreglumanna, ÍSL, sendi 6 keppendur á mótið: Gísli Þorsteinsson, LRH, keppti í loftbyssu, Eiríkur Ó. Jónsson, RLS, keppti í grófbysu, og í staðlaðri skammbysu, Ólafur Egilsson, RLS, keppti í loftbyssu, grófbysu, og í staðlaðri skammbysu. Þórir Ingvarsson, LRH, keppti í í grófbysu, og í staðlaðri skammbysu. Kristján Ingi Hjörvarsson, Vesturlandi, keppti í grófbysu. Kristína Sigurðardóttir, Suðurnesjum, keppti í Sportbyssu, og loftbyssu. Þá fóru með hópnum Jóns Ólason, Vesturlandi, sem þjálfari, Guðmundur

arsson, LRH, keppti í í grófbysu, og í staðlaðri skammbysu. Kristján Ingi Hjörvarsson, Vesturlandi, keppti í grófbysu. Kristína Sigurðardóttir, Suðurnesjum, keppti í Sportbyssu, og loftbyssu. Þá fóru með hópnum Jóns Ólason, Vesturlandi, sem þjálfari, Guðmundur

St. Sigmundsson, LRH, sem liðsstjóri og Óskar Bjartmarz, Austurlandi, sem fararstjóri.

Gist var á Hotel Dzingel sem var byggt fyrir hrun „járnaldsins“ og því típísk austur Evrópu bygging. Þetta var hið ágætasta hótél enda búið að taka það mikið í gegn. Skotkeppnin fór fram í aðstöðu Eistneska hersins og var það bæði úti og inni aðstaða.

Fyrst greinin var loftbyssu. Árangurinn þar var undir væntingum í karla flokki en hann var eftirfarandi. Ólafur 515 stig, Gísli 505 stig, Þórir 502 stig. Í kvenna flokki varð Kristína í 4 sæti með 354 stig vel gert hjá henni. Okkar menn náðu 3 sæti í sveitakeppni karla með 1522 stig.

Næst var það stöðluð skammbysu karla, Eiríkur skaut best af okkar mönnum eða 499 stig, Þórir fékk 405 stig en Ólafur gat ekki lokið keppni þar sem byssan hans bilaði í miðri keppni.

Grófbysu, karlaflokkur, þar átti Eiríkur besta skorið af okkar mönnum 522 stig, Kristján 513 stig og Ólafur 504 stig. Okkar menn náðu 3 sæti í sveitakeppni karla með 1539 stig.

Kristína keppti í sportbyssu, og komst þar í úrslit með 511 stig. Hún datt út í fyrri hluta úrslita og endaði í 8 sæti.

Lokahófið með verðlaunaafhendingu fór fram á hótelinu og tókst vel til.

Oskar Bjartmarz  
Jón S. Ólason



Fremst frá vinstri Ólafur Egilsson, Kristína Sigurðardóttir og Gísli Þorsteinsson, miðröð frá vinstri Þórir Ingvarsson og Jón S. Ólason og aftast frá vinstri Kristján Ingi Hjörvarsson og Eiríkur Ó. Jónsson.

## Mótalisti: 2016

	Umsjón/mótsstaður	Dags.
<b>Landsmót:</b>		
Skotfimi	Skotnefnd ÍSL	Október
Öldungamót í innanhússknattspyrnu	Akureyri	Október
Innanhússknattspyrna	Suðurnes	Mars/Apríl
Golf	Suðurnes	Júlí/Ágúst
Holukeppni í golfi	Golfnefnd ÍSL	Júlí/September
Lögguhreysti	Lögguhreystinefnd ÍSL	September
<b>Norðurlandamót:</b>		
Handknattleikur, karla og kvenna	Danmörk/Árósúm	2. – 5. júní
<b>Evrópumót:</b>		
Skiði	Austurríki	6. – 11. mars
Tennis	Ungverjaland/Budapest	23. – 30. júní
Blak karla	Búlgaría/Varna	23. – 31. maí
Skotfimi	Rússland/Kazan	17. – 22. júlí
Sund	Þýskaland/Hannover	28. ágúst – 1. sept.
Körfuknattleikur karla	Aþena/Grikkland	23. – 30. september

## Stuttfréttir:

### Þing ÍSL 2016

Fer fram laugardaginn 29. október n.k. Þingstaður er Brautarholt 30 og hefst þingið kl. 16:00. Boðað verður til þingsins með hefðbundnum hætti. Að loknu þingi fer fram afhending heiðursmerkja ÍSL.

### EPC í körfuknattleik

Úrslit eru fyrirhuguð í Grikklandi haustið 2017. Stjórn ÍSL hefur tilkynnt þáttöku í mótinu en þáttökuþjóðir eru það margar að það þarf að hafa undankeppni. Níu þjóðum hefur verið skipt í 3 riðla og lentum við í C riðli með Írum og Hollendingum. Ákveðið hefur verið að riðillinn verði leikinn hér á landi og er stefnt á mars mánuð.



Sveitarfélagið  
ÁRBORG





## Göngum frá verknum



# Íbúfen®

– Bólqueyðandi og verkjastillandi

400 mg, 30 stk og 400 mg, 50 stk

**Notkunarsvið:** Íbúfen inniheldur íbúprófen sem er bólqueyðandi, verkjastillandi og hitalækkandi lyf. Íbúfen tilheyrir flokki lyfja sem kölluð eru NSAID lyf (bólqueyðandi lyf sem ekki eru sterar). Íbúfen er notað við vægum til meðal miklum verkjum eins og höfuðverk, migreni, tannpinu, tíðaverkjum og hita. **EKKI MÁ TAKA ÍBÚFEN:** Þeir sem hafa ofnæmi fyrir íbúprófeni, öðrum skyldum lyfjum eða einhverju hjálparefnum. Þeir sem fengið hafa ofnæmisviðbrögð eins og astma, nefrennsli, útbrot með kláða eða ef varir, andlit, tunga eða háls hafa bólgnáð upp eftir að hafa tekið íbúprófen eða skyld lyf. Þeir sem þjáðst hafa af sárum eða blæðingum í maga eða smáþörmum (skeifugörn) í tengslum við fyrri notkun bólqueyðandi verkjalyfja, þjást núna af sárum eða blæðingum í maga eða smáþörmum (skeifugörn) eða hafa áður þjáðst af slíku, tvisvar eða oft, með alvarleg lifrar-, nýrna-, eða hjartavandamál (kransæðasjúkdómur meðtaldur), þeir sem þjást af umtalsverðum vöskvortum (vegna uppkasta, niðurgangs eða of lítillar vökvæyslu), eru með einhverjar blæðingar (blæðingar í heila meðtaldar), eru með sjúkdóm af óþekktum uppruna sem leiðir til óeðlilegrar myndunar blóðfrumna. **Sérstök varnaðarorð:** Þeir sem eru með rauða úlfa (SLE) eða aðra sjálfnámissjúkdóma, arfgengan sjúkdóm sem hefur áhrif á blóðrauða, hemoglóbín (purpuraveiki), langvarandi bólgusjúkdóma í þörmum eins og bólgur í ristli með sárum (sáristilbólgu), bólgur í meltingarvegi (Crohn's) eða aðra maga- eða þarmasjúkdóma, truflanir á blóðfrumamyndun, vandamál tengd blóðstorkun, ofnæmi, ofnæmiskvef, astma, langvarandi bólgur í nefslímhúð, kinnbeinaholum, kokeitlum eða langvarandi teppusjúkdóma í öndunarvegi, blóðrásarkvilla í slagæðum handleggja og fóta, lifrar-, nýrna- eða hjartavandamál eða háan blóðþrýsting, nýkomnir úr meiriháttar skurðaðgerð ættu ekki að nota lyfið. Íbúprófen getur valdið nýrnvandamálum hjá börnum og unglingum sem skortir vökva. **Meðganga/brjóstgjöf:** Íbúprófen má ekki taka á síðustu 3 mánuðum meðgöngu. Aðeins ætti að nota Íbúfen á fyrstu 6 mánuðum meðgöngu í samráði við lækni og ef það er algerlega nauðsynlegt. Íbúprófen getur gert konum erfiðara með að verða þunguðar. Þessi áhrif ganga til baka þegar hætt er að taka lyfið. Íbúprófen berst í brjóstamjólk í litlum mæli og brjóstgjöf þarf yfirleitt ekki að hætta meðan á skammtíma meðferð stendur. Ef lengri tíma meðferð er áætluð, ætti að meta hvort hætta eigi brjóstgjöf. **Aukaverkanir:** Svartar, tjórukenndar hægðir eða blóðlituð uppköst (sár í meltingarvegi með blæðingum), brjóstsvíði, kvíðverkir, meltingartruflanir, truflanir í meltingarfærum s.s. niðurgangur, ógleði, uppköst, vindgangur og harðlifi, sáramyndun í meltingarvegi með eða án rofs, þarfabólga og versnandi bólgur í ristli og meltingarvegi (Crohn's) og pokamyndun í digurgirni (rof eða fistlar), smásæjar blæðingar frá þörmum sem geta leitt til blóðleysis, sára og bólgur í munni, höfuðverkur, syfja, svimi, sundl, þreyta, æsingur, svefnleysi og viðkvæmni. **Skammtastærðir:** Fullorðnir og unglingar eldri en 12 ára (≥ 40 kg): 200-400 mg sem einn skammtur eða 3-4 sinnum á dag með 4-6 klst. millibili. Hámarks dagsskammtur er 1200 mg. Börn 6-9 ára (20-29 kg): 200 mg, 1-3 sinnum á dag á 4-6 klst. fresti eftir þörfum. Hámarks skammtur er 600 mg á dag. Börn 10-12 ára (30-40 kg): 200 mg, 1-4 sinnum á dag á 4-6 klst. fresti eftir þörfum. Hámarks skammtur er 800 mg á dag. Fullorðnir skulu ekki taka Íbúfen í meira en 7 daga og unglingar ekki meira en 3 daga án samráðs við lækni. Sjá nánar í fylgiseðli. **Börn 12 ára og yngri eiga ekki að nota Íbúfen nema í samráði við lækni. Lyfið er ekki ætlað börnum yngri en 6 ára. Lesið vandlega leiðbeiningar sem fylgja lyfinu.** Október 2015.

  
**Actavis**